

GREINARGERÐ VARNARAÐILA

í Landsréttarmálinu nr. 812/2023:

Anti Defamation-League
gegn
1984 ehf

I. Málflutningsumboð:

Ólafur Örn Svansson hrl., Forum lögmönnum, Ármúla 13, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir Landsrétti f.h. varnaraðila 1984 ehf.

II. Dómkröfur:

Varnaraðili gerir þá kröfu að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðili verði úrskurðaður til greiðslu kærumálskostnaðar.

III. Hinn kærði úrskurður:

Í hinum kærða úrskurði er vísað til þeirrar tjáningar sem tiltekin er í málatilbúnaði sóknaraðila og því hafnað að í henni sé fólgin hatursorðræða í skilningi. 233. gr. a almennra hegningarlaga eða samkvæmt öðrum þeim skilgreiningum sem vísað hafði verið til af hálfu sóknaraðila. Þá er það niðurstaða héraðsdóms að lögbann á hýsingu vefsíðunnar fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi og að samtök af þessari stærðargráðu yrðu að þola gagnrýna umfjöllun. Þá þótti sá málatilbúnaður sóknaraðila, sem fyrst kom fram í greinargerð til héraðsdóms, að vegið væri að æru sóknaraðila, verulega vanreifaður og engum rökum studdur. Þá kemur fram í úrskurðinum að ekki sé leitast við að rökstyðja hvernig sóknaraðili geti notið friðhelgi einkalífs af því tagi sem um ræðir, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá þótti auk þess vanreifað eða órökstutt á hvaða grundvelli sóknaraðili telur sig geta borið fyrir sig að vegið sé að einkalífi annarra en samtakanna sjálfra ef á því er byggt yfir höfuð. Með vísan m.a. til framangreindra forsendna þóttu ekki lagaskilyrði til þess að verða við kröfu sóknaraðila um að ógilt verði ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að hafna lögbannsbeiðni sóknaraðila.

Varnaraðili telur að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

IV. Málástæður og önnur atvik:

Líkt og rakið er í greinargerð varnaraðila til héraðsdóms sérhæfir varnaraðili sig í vefhýsingum en varnaraðili hýsir þúsundir vefsíðna, og um helmingur þeirra eru erlendar.

Efnið sem lénið www.mapliberation.org vísar til er hýst hjá varnaraðila. Lénið sjálf er hins vegar skráð hjá fyrirtækinu GoDaddy í Bandaríkjunum. Starfsmenn þess fyrirtækis eru u.þ.b. 7.000 talsins líkt og sjá má í umfjöllun í Wikipedia um fyrirtækið á bls. 541 í málgögnum. Fyrirtækið er eitt af þeim stærstu í heiminum þessarar gerðar. Sóknaraðili hefur þegar beint kröfum á hendur fyrirtækinu sem hefur lýst þeirri skoðun að efnið brjóti ekki gegn reglum en fram kemur í frétt á bls. 315-316 í málgögnum (neðarlega á bls. 316) að félagið hafi yfirfarið vefsíðuna (e. reviewed the website) og að niðurstaðan sé sú að ekki sé ástæða til viðbragða.

Sóknaraðili kys í framhaldinu að beina kröfu sinni frekar að varnaraða í stað GoDaddy sem er með starfsstöð sína í Bandaríkjunum líkt og sóknaraðili. Enda þótt kröfunni sé beint að varnaraðila, sem hýsir efnið sem lénið vísar til, er gerð krafa sem samsvarar því að gerð sé krafa um lokun lénsins. Nánar er gerð krafa um lögbann á hýsingu alls efnisins sem og að allt efnið verði gert óaðgengilegt fyrir almenning. Ef fallist yrði á slíka kröfu mætti varnaraðili ekki hýsa nokkurt af því efni sem þar er að finna eða efni sem vísað er til á vefsíðunni. Að áliti varnaraðila blasir við að farið sé offari í kröfugerð sóknaraðila og að tilgangurinn sé allt annar en tiltekinn er í málalíbúnaði samtakanna.

Varnaraðili telur rétt að rekja stuttlega það efni sem er að finna á vefsíðunni. Þar er nánar að finna gríðarlegt magn upplýsinga með tilvísunum í aðrar vefsíður sem eru notaðar sem rafrænar tilvitnanir. Vefsíðan er þannig einskonar gagnasafn með upplýsingum um ýmsa aðila, þ.m.t. sóknaraðila. Þar er m.a. haldið fram að tiltekin öfl vinni sameiginlega að því að samhæfa aðgerðir gegn Palestínunönnum og fleirum sem berjast fyrir hagsmunum ýmissa minnihlutahópa. Þá er haldið fram að sömu aðilar, sem styðji hernám í Palestínu, hagnist m.a. af hergagnaframleiðslu og framleiðslu tækja sem notuð eru gegn kúguðum hópum. Þar eru margar sögur sagðar sem tengjast eða skarast. Þá er farin sú leið að teikna upp tengslanet m.a. milli stofnana í hernaði, lögreglu, háskóla, banka o.fl. til að sýna fram á þessa skörun.

Tilgangur vefsíðunnar er svo sagður m.a. að afhjúpa umrædd tengsl og á það bent að „allt net er unnt að trufla“. Þá er verið að hvetja til samskipta milli hagsmunaaðila og stjórn málaeininga en fram kemur að mikilvægt sé að skapa mótvægi fyrir kynslóðir framtíðar. Þá kemur fram að tilgangurinn sé að varpa ljósi á niðurbrotsfélög og samtök þannig að almenningur hafi skilning á vinnubrögðum þeirra, tengslum og hagsmunum. Sem fyrr segir vill sóknaraðili láta loka vefsíðunni og gera allt efnið óaðgengilegt. Þannig er ljóst að sóknaraðila þykir efnið óþægilegt. Á því er hins vegar byggt að efni sé ekki ólöglegt enda þótt það geti verið óþægilegt.

Á vefsíðunni er ekki aðeins verið að fjalla um sóknaraðila. Þá er alls ekki verið að fjalla um gyðinga enda þótt einhver samtök gyðinga kunni að vera nefnd. Á vefsíðunni er þannig

fjallað um hundruð félaga og stofnanir, þ.m.t. lögreglu, slökkvilið, skóla og ýmis samtök. Það er aðeins einn aðili sem krefst lögbanns þ.e. sóknaraðili máls þessa.

En hver er sóknaraðili? Í greinargerð sóknaraðila er því haldið fram að um sé að ræða mannréttindasamtök. Í aðilaskýrslu Sharon S. Nazarian kom fram að um væri að ræða mannréttindasamtök sem berjast m.a. fyrir tjáningarfrelsi (bls. 29 í málskjöllum). Staðreyndin er hins vegar sú að um er að ræða hagsmunasamtök sem hafa verið gagnrýnd í áratugi fyrir starfshætti sína og aðferðir við að þagga niður umræðu sem er samtökunum ekki þóknanleg. Um þetta er fjallað sérstaklega á vefsíðunni og vísað til heimilda.

Í umfjöllun margra um sóknaraðila hefur því verið haldið fram að starfshættir samtakanna samræmist ekki endilega því sem almennt megi búast við af mannréttindasamtökum. Í því sambandi hefur m.a. verið vísað til bréfs Benjamin Epstein, þáverandi framkvæmdarstjóra sóknaraðila, til Paul Joftes aðalritara samtakanna frá 7. júlí 1961 (bls. 87 í málgögnum) sem hefur verið fjallað um í fjölmiðlum. Þar er bréfitari að útskýra markmið aðgerða samtakanna sem fjallað er um á vefsíðunni. Í bréfinu segir m.a. í grófri þýðingu:

ADL hefur í mörg ár haldið uppi mjög mikilvægu rannsóknarhlutverki um athafnir og áróður araba. Við höfum safnað saman upplýsingum síðan 1948 um starfsemi í tengslum við arabískar ræðisskrifstofur, arabísku sendinefndina hjá Sameinuðu þjóðunum, upplýsingamiðstöð araba, Arabísku flóttamannaskrifstofuna og samtök arabískra námsmanna.

Upplýsingar frá okkur hafa verið mikils virði og þjónað bæði bandaríska utanríkisráðuneytinu og ísraelsku ríkisstjórninni auk þess að vera nauðsynlegar fyrir starfsemi okkar. Upplýsingarnar hafa verið gerðar aðgengileg í báðum löndum með fullri vitneskju um þær séu frá okkur komnar. Í mörgum tilfellum hafa upplýsingar okkar afhjúpað áætlanir Araba áður en þær hafa komi til framkvæmdar.

Bréf þetta átti væntanlega aldrei að koma fyrir augu almennings en var hluti af dómskjöllum í dómsmáli sem rekið var á hendur sóknaraðila þar sem þau voru sökuð um njósnir með aðstoð opinberra aðila. Samtökin mátu það svo að rétt væri að setta málið og því gekk ekki dómur í málinu. Á vefsíðunni er vísað til ýmissa heimilda þar sem haldið er fram að sóknaraðili hafi stundað njósnir gagnvart yfir 1.000 manns allt frá miðri síðustu öld. Þar er m.a. vísað til dómskjala úr umræddu dómsmáli sem eru aðgengileg í gegnum tengla (e. hyperlinks) á vefsíðunni. Þá er vísað í fjölda fréttar en aðeins örfáar eru hluti af málskjöllum máls þessa. Sem dæmi má nefna frétt Los Angeles Times frá 28. september 1999 sem ber nafnið *Anti-Defamation League Settles Spying Lawsuit* (bls. 153 í málskjöllum), frétt Eir News Service rituð af Joseph Brewda frá 7. maí 1993 sem ber heitið *The Joftes Case: ADL spying for Israel since the 1960s* (bls. 143 í málskjöllum) og frétt The Israel Lobby Archive sem ber heitið *Criminal investigation and successful civil lawsuits against the ADL over privacy right violations – 1992-1993* (bls. 149 í málskjöllum) en í síðastnefndu fréttinni er að finna tilvísanir í fjölda dómskjala og heimilda.

Á vefsíðunni er sem fyrr segir vísað til þessara heimilda. Þannig verður ekki séð að nokkuð af því efni sem er að finna á vefsíðunni sé úr lausu lofti gripið. Af umfjöllun í greinargerð sóknaraðila til héraðsdóms virðist sóknaraðili undrandi á að verið sé að bera upp á samtökin njósnir (efnisgrein 80 í greinargerðinni á bls. 60 í málskjöllum). Látið er ósagt að fjöldi greina hefur verið ritaður um ætlaðar njósnir auk þess sem rekið hefur verið dómsmál á hendur samtökunum líkt og fyrr getur. Á vefsíðunni er vísað til samtaka sem sóknaraðili kann að hafa njósnað um samkvæmt skjölum í umræddu máli, þ.m.t.: General Union of Palestinians Students (GUPS), Institute for Palestine Studies, Palestine Congress of North America, Palestine Human Rights Campaign, Palestine National Council, Palestine Solidarity Committee og The Organization of Arab Students in the United States and Canada svo dæmi séu tekin. Hér er lögð áhersla á að vísað er til heimilda í umfjöllun á vefsíðunni. Veita verður höfundum efnisins svigrúm til að túlka þessar heimildir og draga af þeim ályktanir í umfjöllun sinni.

Þá er á vefsíðunni m.a. fjallað um tengsl sóknaraðila við lögreglu og þá hagsmuni sem sóknaraðili telur sig hafa af því að koma að þjálfun lögreglumanna. Ekki er um það deilt að sóknaraðili hefur í áratugi komið að þjálfun lögreglu. Í umfjölluninni á vefsíðunni er vísað til ýmissa heimilda, þ.m.t. gagna og upplýsinga sem stafa frá sóknaraðila sjálfum. Þannig er vísað til árskýrslna, tölvupósta, bréfa stjórnarmanna o.fl. en þessi gögn spanna langt tímabil af sögu samtakanna. Þannig er á vefsíðunni m.a. fjallað um skýrslu sóknaraðila frá árinu 1967 sem ber heitið „MAJOR PROGRAMS OF THE B'NAI B'RITH ANTI-DEFAMATION LEAGUE : 1945-1965“ (bls. 115 í málgögnum). Á vefsíðunni er dregin sú ályktun m.a. af þessari skýrslu að sóknaraðili hafi litið á lögregluna sem lykilinn að því að tryggja að réttindahreyfingar yrðu ekki of róttækar. Í skýrslunni kemur fram að sóknaraðili hafi á þeim tíma sem skýrslan vísar til veitt þjálfun fyrir „meira en 130 æðstu yfirmenn lögreglu frá 31 ríkjum Bandaríkjanna“ eins og þar segir í íslenskri þýðingu. Á vefsíðunni er það lagt í hendur lesenda að meta hvort mannréttindasamtök annist almennt þjálfun lögreglumanna.

Í ársskýrslu sóknaraðila 2016 (bls. 225 í málskjöllum), sem vísað er til á vefsíðunni, er að finna umfjöllun um það sem nefnt er „National Counterterrorism Seminar“ en það er haldið í Ísrael fyrir lögreglumenn frá Bandaríkjunum. Tiltekið er að allur kostnaður hafi verið greiddur af sóknaraðila, þ.m.t. allt uppihald. Árskýrslan tiltekur að „100% af helstu lögregludeildum í borgum Bandaríkjanna hafi sent þátttakendur á ráðstefnu ADL gegn hryðjuverkum í Ísrael og framhaldsþjálfunarskóla ADL í ógnum öfgamanna og hryðjuverka.“ Einnig voru haldin námskeið í Bandaríkjunum þar sem kennarar á vegum sóknaraðila komu að þjálfun lögreglumanna sbr. tölvupóstar, kynningarefni og kostnaðaruppgjör sem vísað er til á vefsíðunni og er að finna á bls. 545 í málskjöllum. Tilgangurinn með þessari þjálfun er sagður á vefsíðunni m.a. að fá lögreglu til að líta á þá sem sýna samstöðu með Palestínunönnum sem stuðningsmenn hryðjuverkamanna. Því er með öllu mótmælt að þessi umfjöllun feli í sér gyðingahatur enda hvergi ráðist gegn gyðingum nema síður sé. Þá er þar hvergi að finna áfellsdóm í garð gyðinga eða annarra þjóðfélagshópa. Gagnrýnin beinist þannig að tilteknum stjórnvöldum, fyrirtækjum, stofnunum og samtökum, þ.m.t. sóknaraðila. Hver verður svo að meta hvort full ástæða sé til þeirrar gagnrýni en á því er

byggt að sóknaraðili verði að þola harða gagnrýni líkt og fram kemur í forsendum hins kærða úrskurðar.

Lögð er áhersla á að sóknaraðili átti sem nemur 221 milljónir dala í eignum í árslok 2020 sbr. ársreikningur samtakanna á bls. 283 í málgögnum. Sú fjárhæð samsvarar u.þ.b. 30 milljörðum íslenskra króna. Þá voru tekjur ársins samtals 91 milljónir dala eða sem samsvarar 12,5 milljörðum króna. Þá voru framlög u.þ.b. 85 milljónir dala á ári en ekki er upplýst hvaðan meirihluti þeirra framlaga kemur. Horfa verður sérstaklega til stærðar samtakanna og upplýsinga um hvaða hlutverk samtökin hafa tekið sér þegar metið er hvort brotið hafi verið gegn samtökunum með því efni sem hýst er hjá varnaraðila og þegar metið ef hvort hin ætluðu brot réttlæta að lagt sé bann við hýsingu alls efnisins sem þar er að finna.

Það kann vel að vera að sóknaraðila þyki óþægilegt að búið sé að taka saman greinar um samtökin á einn stað. Sem fyrr segir er óþægileg umfjöllun ekki ólögmet umfjöllun sem réttlætir lögbann við henni enda tjáningarfrelsið sérstaklega mikilvægt undir þessum kringumstæðum. Þá er sérstök ástæða til að verja tjáningarfrelsið gagnvart þeim sem með skipulögðum hætti vinna í því að stjórna umræðunni og stöðva umræðu um tiltekin mál.

Kjarni málsins er sá að á vefsíðunni er enga hatursorðræðu að finna, hvorki í skilningi almennra hegningarlaga né alþjóðasáttmála sem sóknaraðili vísar til. Ef horft er til þess hvernig málinu er markaður farvegur í greinargerð sóknaraðila til héraðsdóms beinist málatilbúnaðurinn einkum að tveimur orðum. Annars vegar að orðinu „*dismantled*“ og hins vegar að orðinu „*disturbed*“. Hér ber fyrst að leggja áherslu á að hvorugt þessara orða beinist að gyðingum eða nokkrum kynþáttum nema síður sé. Þá er orðið „*dismantled*“ ranglega þýtt sem „uppræta“ þegar orðið beinist að því að „taka í sundur“ eða „leysa upp fyrirtæki/samtök“ líkt og fram kemur í greinargerð til héraðsdóms. Orðið „*disturbed*“ vísar til truflunar en á vefsíðunni segir m.a. að allt net sé hægt að trufla en þar er verið að vísa í tengslanet þeirra sem vefsíðan fjallar um og beinist að. Ekkert af þessu felur í sér hvatningu um ofbeldi enda verið að mótmæla ofbeldi á vefsíðunni.

Í greinargerð sóknaraðila er vísað til þess að á vefsíðunni segir í íslenskri þýðingu „*Við vonum að fólk nýti sér kort okkar til þess að sjá hvernig sé unnt að bregðast við með áhrifaríkum hætti.*“ Sem fyrr segir er hér ekkert ákall um aðgerðir gegn „gyðingum“ eða þjóðfélagshópum enda eru þeir sem tilgreindir eru á vefsíðunni líklega fæstir gyðingar enda um að ræða banka, hergagnaframleiðendur, ýmis samtök, háskóla, lögregluembætti, ýmsar opinberar stofnanir o.s.frv. Þá er enga hvatningu að finna um aðgerðir gegn einstaklingum enda segir: „*Þessi félög eru raunverulega til og unnt að trufla þau (e. disrupted in the physical world)*“ sbr. bls. 473 í málgögnum. Þá er sem fyrr segir ekki hvatt til nokkurs ofbeldis.

Í lögbannsbeiðninni (efst á bls. 370 í málskjölum) segir að lesendum sé „*eftirlátið að ákveða sjálfir í hverju slíkar aðgerðir skuli felast.*“ Sóknaraðili viðurkennir hér að ekki er hvatt til ofbeldis enda hvergi að finna hvatningu um slíkt. Vakin er á því athygli að fjöldi aðila hafa

rannsakað síðuna nákvæmlega og allir komist að þeirri niðurstöðu að þar sé ekkert ólöglegt að finna, þ.m.t. stórfyrirtækið GoDaddy, sem fjallað var um hér að framan, varnaraðili, lögreglan í Bandaríkjunum og lögreglan hér á landi sem fer með rannsókn vegna brota gegn almennum hegningarlögum. Sýslumaður komst að sömu niðurstöðu og framangreindir þegar hafnað var kröfu sóknaraðila um lögbann. Ekkert tilefni er til að fella úr gildi ákvörðun embættisins.

Varnaraðili telur rangt og óvarlegt að fullyrða að umræðan beinist að gyðingum eða feli í sér hatursorðræðu. Þá er að mati varnaraðila með öllu þýðingarlaust að vísa til fréttu af árásum á gyðinga sem hafa ekkert með vefsíðuna að gera eða efni hennar.

Þá leggur varnaraðili áherslu á að lögbann getur ekki beinst að öðru en því sem hefur verið lagt fram í íslenskri þýðingu og þeim ummælum sem eru sérstaklega tekin upp í lögbannsbeiðninni eða eftir atvikum greinargerð til héraðsdóms. Sóknaraðili hefur nú, að því virðist, lagt fram vefsíðuna í heild sinni á minnislykli. Þannig virðist sem sóknaraðili ætlist til þess að dómurinn yfirfari vefsíðuna og leggi eitthvað heildstætt mat á efni allrar vefsíðunnar. Varnaraðili mótmælir þessum málatilbúnaði alfarið. Þannig hefur sóknaraðili markað grundvöll málsins og tiltekið einstök ummæli sem hann telur fela í sér hatursorðræðu. Það eru þannig engin önnur ummæli til skoðunar í málinu. Í þessu samhengi er rétt að árétta að varnaraðili skoraði á sóknaraða með tölvubréfi, dags. 10. mars 2023, bls. 252 í málgögnum, að *„tilgreind verði nánar... ..hvað falli undir „hatursorðræðu“ á vefsíðunni. Þá var óskað eftir upplýsingum um „hvaða refsiverðu háttsemi verið er að hvetja til að mati [sóknaraðila] með nákvæmum tilvísunum í texta á vefsíðunni.“* Þessari sjálfsögðu beiðni var aldrei svarað heldur farið beint í lögbann. Í lögbannsbeiðninni er ekki getið um annað en áður nefnd tvö orð. Þá skortir nánari umfjöllun um hvaða aðgerða verið er að vísa til eða hvaða efnis. Þannig er í raun vanreifað með öllu hvað á vefsíðunni á að réttlæta lögbann við hýsingu alls efnis sem þar er að finna ef krafan byggir á öðrum texta en sérstaklega var þýddur og var tiltekinn í lögbannsbeiðninni sjálfri. Fyrir liggur að í málatilbúnaði sóknaraðila er að finna ýmsar staðhæfingar án tilvísunar til þess efnis sem er að finna á vefsíðunni. Engar þeirra réttlæta lögbann að mati varnaraðila.

Í munnlegum málflutningi fyrir héraðsdómi var lögð áhersla á að vefsíðan tilgreini í einhverjum tilvikum heimilisfang þeirra sem fjallað er um, þ.m.t. sóknaraðila. Í þessu sambandi ber til þess að líta að unnt er að nálgast heimilisfang samtakanna víða, þ.m.t. á vefsíðu samtakanna. Haldið var fram við flutning málsins að á vefsíðunni væri unnt að finna heimilisfang stjórnarmanna sóknaraðila. Það er beinlínis rangt enda staðfest af Sharon S. Nazarian að heimilisfang hennar sé ekki að finna á umræddri vefsíðu (bls. 34 í málgögnum). Þá óskaði héraðsdómarinn eftir því að bent væri á þann stað í framlögðum gögnum málsins þar sem sjá mætti heimilisföng stjórnarmanna. Ekki var unnt að benda dóminum á þann stað í gögnum málsins. Í framburði frú Nazarian kom auk þess fram að nafn hennar komi fram á heimasíðu sóknaraðila líkt og annarra stjórnarmanna. Þannig koma ekki aðrar upplýsingar fram á vefsíðunni sem mál þetta hverfist um en fram koma á vefsíðu sóknaraðila, www.adl.org. Varnaraðili leggur áherslu á að sóknaraðili fer ekki með forræði málsins fyrir aðra. Hér er því tilgangslaust að vísa til hugsanlegrar

umfjöllunar um aðra en sóknaraðila enda vanreifað á grundvelli hvaða umboðs slík málshöfðun er byggð eða slíkt málsforræði.

Á því er byggt að kröfugerðin gangi allt of langt og sé of viðurhlutamikil líkt og rakið er sérstaklega í greinargerð varnaraðila til héraðsdóms. Þannig ber kröfugerðin það með sér að markmiðið sé allt annað en að koma í veg fyrir ætlaða hatursorðræðu í garð gyðinga sem er yfirsýn lögbannsbeiðninnar. Nánar ber málatilbúnaðurinn og kröfugerðin fremur í sér þöggunartilburði gagnvart óþægilegri umfjöllun í garð sóknaraðila enda ekki gerð krafa gagnvart tilteknum ummælum heldur gerð krafa um bann við hýsingu efnis í heild sinni. Að auki er gerð krafa um að efnið verði gert óaðgengilegt til framtíðar. Ef fallist yrði á kröfuna væri hvorki unnt að hýsa eða birta nokkuð efni sem nú er á umræddri vefsíðu hvort sem það varðar sóknaraðila eða aðra. Þá væri ekki unnt að hýsa nokkuð það efni sem er á vefsíðunni fyrir aðra þjónustuþega. Útilokað er að fallast á slíka kröfu að mati varnaraðila enda fælist í slíku augljós skerðing á tjáningarfrelsi sem ætti sér ekkert fordæmi siðmenntuðu ríki.

Varnaraðili leyfir sér að mótmæla þeirri staðhæfingu að umfjöllun þjónustuþega um sóknaraðila feli í sér „*augljós einkenni hatursorðræðu og gyðingahatur*“ enda hefur sóknaraðili ekki getað upplýst hvaða ummæli fela í sér slíka umræðu þrátt yfir áskoranir. Við munnlegan flutning málsins fyrir héraðsdómi var lögmaður sóknaraðila sérstaklega spurður af dómara hvaða ummæli verið væri að vísa til annað en orðin „*dismantled*“ og „*disturbed*“ sem fjallað er um í greinargerð og er hluti af þeim texta sem var þýddur. Ekki var bent á annan texta á vefsíðunni heldur látið duga að fullyrða að vefsíðan væri uppfull af hatursorðræðu. Sá málatilbúnaður er nokkuð í samræmi við framburð Sharon S. Nazarian bls. 30 í málgögnum. Sérstaklega aðspurð um hvað telst til gyðingahaturs á vefsíðunni svaraði hún eftirfarandi:

„S.s. að munstrið í framsetningunni er þetta sama og þegar alltaf að saka gyðinga um að vera bakvið allt sem miður fer í heiminum. Þeir eiga, já. Þeir nefna sértaklega gyðing... menntamenn úr gyðingaröðum. Og þeir segja að vegna þess að gyðingar eru svo gráðugir og þetta er svona það sem ég er að segja núna er svona gyðingahaturs. .. hérna, framsetning, að gyðingar nota bara peninginn, sem þeir græða, til þess að hjálpa hver öðrum. Og það er akkúrat það sem er anti-gyðingar. Og framsetningin er líka þarna á síðunni þar sem er verið að saka gyðingana um að vera á bakvið alla erfiðleikana hjá Palestínunum. Og að halda gyðingum í Bandaríkjunum og víðar s.s í svona.. ábyrgum fyrir því sem er að gerast í Miðjarðarhafinu eða í kringum Miðjarðarhafið. Og það er... slíkar framsetningar eru s.s. gyðingahatursframsetning....“

Sóknaraðili getur þannig ekki vísað til texta sem felur í sér meinta hatursorðræðu eða gyðingahatur heldur vísar til ætlaðs yfirbragðs vefsíðunnar sem er svo í engu samræmi við raunveruleikann. Á því er byggt af hálfu varnaraðila að vanreifað sé með öllu hvaða texti á umræddri vefsíðu felur í sér hina ætluðu hatursorðræðu. Í þessu sambandi nægir ekki leggja fram vefsíðuna í heild sinni og ætlast til að unnt sé að taka til varna án þess að upplýst sé til hvaða texta er verið að vísa. Að sama skapi er ekki unnt að leggja málið fyrir dóminn án þess að vísað sé til textans og rökstutt sérstaklega hvað í

textanum felur í sér einkenni ólögmatrar orðræðu í stað almennrar staðhæfingar án tilvísunar í texta. Hér ber að minna á að hatursorðræða leiðir til refsingar að lögum. Hvorki lögregla hér á landi né í Bandaríkjunum hefur talið ástæðu til viðbragða.

Sú meginregla gildir hér á landi að takmarkanir til skerðingar á tjáningarfrelsinu verða skýrðar þröngt. Við mat á umfjölluninni verður að horfa til þess að samtökin eru risavaxin og hafa sett sig sjálf í þá stöðu að þau verða að þola mjög gagnrýna umfjöllun. Þannig hefur verið ítrekað bæði í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu og Hæstaréttar Íslands að tilteknir hópar í þjóðfélaginu þurfi að þola umfjöllun sem gengur nærri þeim. Í grein Halldóru Þorsteinsdóttur sem ber heitið „Lögbann á fjölmiðlaumfjöllun – Dómur Hæstaréttar Íslands 22. mars 2019 (29/1018) í máli Glitnis HoldCo ehf. gegn Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf.“ sem birtist í vefriti Úlflióts, segir m.a.: „Er það í samræmi við aðra dóma Hæstaréttar þar sem rétturinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að þátttakendur í viðskiptalífinu skapi sér ákveðna stöðu í þjóðfélaginu og þurfi þar með að þola um það nærgöngullu umfjöllun í fjölmiðlum en aðrir...“

Augljóst má vera að risavaxin samtök á alþjóðavísu þurfa að þola gagnrýna umfjöllun um starfshætti sína með sama hætti að aðilar í viðskiptalífinu, stjórnámamenn, stjórnvöld einstakra ríkja o.s.frv. Þau rök ná bæði til umfjöllunar fjölmiðla og annarra. Hér ber auk þess til þess að líta að umfjöllunin er ekki um einstaklinga heldur stór hagsmunasamtök. Þá ber til þess að líta að umfjöllunin á vefsíðunni er einkum samantekt upplýsinga sem stafa frá sóknaraðila sjálfum, upplýsingum úr dómsmálum, fréttum, greinaskrifum o.fl. Í því fælist augljós skerðing á tjáningarfrelsinu að mati varnaraðila ef fallist yrði á kröfur sóknaraðila sem beinast ekki að einstökum ummælum heldur lokun vefsíðunnar í heild sinni og bann við að allt efnið verði hýst hjá varnaraðila.

Þá er á því byggt að lögbann færi þvert gegn ummælum í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu þar sem segir m.a.: „Með frumvarpinu er stefnt að rýmkun tjáningarfrelsis, sem næst með því að draga úr ábyrgð hýsingaraðila og skyldu þeirra til að fjarlægja gögn, en hætta er á að slík ábyrgð og skylda valdi kælingaráhrifum fyrir tjáningarfrelsi.“ Varnaraðili telur að þessi ummæli eigi nákvæmlega við um mál þetta.

Varnaraðili leggur sem fyrr segir áherslu á að sóknaraðili er ekki að krefjast þess að tiltekin ummæli verði fjarlægð heldur krefst lögbanns á hýsingu vefsíðunnar í heild sinni. Sóknaraðili velur þannig það úrræði sem lengst gengur. Í áður nefndri grein Halldóru Þorsteinsdóttur segir undir kafla 5 um beitingu úrræðisins: „Hvað sem framangreindu liður er ljóst að lögbann er það úrræði vegna tjáningar sem hvað lengt gengur og forðast ber að beita því nema í undantekningartilvikum. Í öllu falli er hæpið að slík skerðing standist 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu ef umfjöllunin beinist að samfélagslega mikilvægu málefni sem á erindi í hina opinberu umræðu.“ Varnaraðili telur fráleitt að líta svo á að til staðar séu þau þröngu tilvik sem réttlæti beitingu lögbanns gagnvart þeirri tjáningu sem falin er í efni vefsíðunnar.

Varnaraðili leggur áherslu á í þessu sambandi að engin ummæli á vefsíðunni eru óviðurkvæmileg enda ekki vísað til neinna ummæla sem geta talist til slíkra. Þá er áréttað að ummælin þurfa alltaf að varða sóknaraðila enda hefur sóknaraðili ekki forræði á málinu fyrir aðra. Þannig er ekkert að finna á vefsíðunni sem réttlætir beitingu lögbanns auk þess sem umfjöllunin á sannanlega erindi í hinni opinberu umræðu sem endurspeglast í viðbrögðum sóknaraðila.

Í greinargerð sóknaraðila til héraðsdóms er því fyrst haldið fram að efni vefsíðunnar brjóti gegn friðhelgi einkalífs sóknaraðila en þessu er áfram haldið fram í greinargerð til Landsréttar. Þessari málsástæðu var hvergi hreyft í lögbannsbeiðninni til héraðsdóms. Vanreifað er með öllu hvað á vefsíðunni fer gegn friðhelgi einkalífs sóknaraðila. Varnaraðili leyfir sér að mótmæla að nokkuð það efni sem þar er að finna brjóti gegn ætlaðri æru sóknaraðila enda algjör skortur á umfjöllun um hvaða ummæli er verið að vísa til. Þá nær friðhelgi einkalífs aðeins til einstaklinga en ekki til lögpersóna. Í því sambandi er vísað til frumvarps með 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Í friðhelgi einkalífsins felst fyrst og fremst réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Jafnframt er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu.“ Ef ákvæðið telst einnig ná til sóknaraðila er með öllu vanreifað í hverju hið ætlaða brot er fólgið.

Varnaraðili leggur auk þess áherslu á að sönn ummæli geta ekki falið í sér brot gegn friðhelgi einkalífs sóknaraðila. Sem fyrr segir byggir umfjöllun á vefsíðu öll á heimildum þ.m.t. dómskjölum úr máli gegn sóknaraðila sem samtökin kusu að sætta, gögnum frá sóknaraðila sjálfum, fréttum o.fl. Ítrekað hefur verið af dómstólum að tjáningarfrelsið veitir mönnum rétt til ályktana af fyrirliggjandi upplýsingum, þ.m.t. af fréttum fjölmiðla. Á því er byggt að ekki hafi verið gengið lengra en lög leyfa af hálfu þjónustuþega í umfjöllun um sóknaraðila. Þá er hér enn og aftur lögð áhersla á að óljóst er til hvaða ummæla á vefsíðunni sóknaraðili er að vísa til til stuðnings kröfu sinni um lögbann.

Þá er á því byggt af hálfu varnaraðila að skilyrði 24. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann séu ekki uppfyllt. Byggir sú afstaða í fyrsta lagi á því að ekki hefur verið brotið gegn sóknaraðila líkt og fyrr greinir og nánar er rökstutt í greinargerð til héraðsdóms. Í annan stað verður til þess að líta að um er að ræða bráðabirgðagerð sem er beint að öllu efni á vefsíðunni enda þótt vefsíðan fjalli um margt annað en sóknaraðila. Þá er á því byggt að hýsing efnisins geti ekki talist athöfn sem raskar lögvörðum rétti sóknaraðila með þeim hætti að lögbanni verði beitt en sóknaraðili verður að sýna fram á að einhverjir tilteknir hagsmunir fari forgörðum þurfi hann þurfi að bíða dómsúrlausnar. Hér ber til þess að líta að efnið hefur verið hýst hjá varnaraðila í tæplega eitt og hálf ár og á meðan hafa engir hagsmunir farið forgörðum. Gera verður kröfu um tilvísun í skýra hagsmuni sem hefur ekki verið gert.

Þegar metið er hvort skilyrði 3. mgr. 24. gr. laganna teljast uppfyllt, þ.m.t. 2. tl., ber að líta sérstaklega til hagsmuna höfunda efnisins og/eða þjónustuþega en ekki varnaraðila enda væri hagsmunum hinna fyrrnefndu ella kastað fyrir róða. Í greinargerð sóknaraðila til

héraðsdóms er á því byggt að samtökin hafi þegar orðið fyrir tjóni. Hvergi er hins vegar að finna umfjöllun um í hverju það tjón er falið. Þá er hvergi útskýrt hvernig vefsíðan hefur valdið því tjóni þegar fyrir liggur að allt efnið hefur áður komið fram. Hér má vísa til framburðar Sharon S. Nazarian fyrir dómi þar sem hún tiltók að ekkert væri nýtt sem þarna kemur fram. Nánar segir hún á bls. 30 í málskjöllum „Efnið sjálft á síðunni er ekkert nýtt fyrir okkur.“ Þannig skortir algjörlega orsakasamband. Hvað sem öðru líður er orsakasambandið með öllu ósannað. Þá er tjón sem leiðir af því að almenningur sé betur upplýstur ekki tjón sem ákvæðinu er ætlað að verja. Þýðingarlaust er að vísa til einhvers ætlaðs tjóns í framtíðinni enda er það tjón ósannað auk þess að vera vanreifað. Líkt og fyrr greinir fer sóknaraðili aðeins með eigin hagsmuni enda hafa samtökin ekki framvísað umboði frá öðrum.

Varnaraðili telur eðlilegt og rétt að verja hagsmuni þjónustuþega þegar óréttmætum kröfum er beint að efni sem hýst er hjá félaginu og varðar tjáningarfrelsi þjónustuþega. Þá eru það hagsmunir varnaraðila að ekki sé unnt að ná fram lögbanni gagnvart þjónustuþega á grundvelli staðhæfinga einna saman. Varnaraðili fór yfir efni vefsíðunnar þegar ábending barst frá sóknaraðila og fann ekkert sem gat falið í sér brot á lögum eða alþjóðasáttmálum. Þegar varnaraðili óskaði eftir frekari rökstuðningi með tilvísun til efnis vefsíðunnar kaus sóknaraðili að svara ekki því erindi. Að áliti varnaraðila er hér ekki aðeins verið að verja hagsmuni þjónustuþega og viðskiptahagsmuni varnaraðila heldur einnig mikilsverða hagsmuni almennings. Þannig á almenningur rétt á því að umræðunni sé ekki stjórnað af áhrifamiklum samtökum með því að lokað verði á tiltekið efni á grundvelli staðhæfinga einna um ólögsmæti efnisins. Á því er byggt að hagsmunir þjónustuþega og almennings vegi hér þyngra en meintir hagsmunir sóknaraðila sem eru vægast sagt óljósir, þ.m.t. þeir hagsmunir sem samtökin telja sig þurfa að verja.

Varnaraðili leggur áherslu á að félagið hefur enga skyldu til að veita upplýsingar um hver stendur að baki þjónustuþega og/eða afla upplýsinga um hver standur að baki þjónustuþega. Þannig veitir varnaraðili aldrei slíkar upplýsingar ef þjónustuþegi tilgreinir slíkt ekki á vefsíðu sinni enda ekki varnaraðila að veita þær upplýsingar. Engu skiptir hér hvort sóknaraðili sé kunnugt um hver stendur að baki vefsíðunni eða ekki enda tjáningarfrelsið ekki háð því að sá sem tjáir sig geri það undir nafni. Þeir sem halda uppi gagnrýnni umfjöllun geta haft fullt tilefni til að koma ekki fram undir nafni. Verndin sem í tjáningarfrelsinu er fólgin er þannig ekki háð því að sá sem tjáir sig ábyrgist þau ummæli í eigin nafni fyrir dómi líkt og sóknaraðili heldur nú fram. Áskorun sóknaraðila er þannig þýðingarlaus en lögð er áhersla á að varnaraðili byggir ekki á því að félagið sé rangur aðili að málinu. Þannig er engin athugasemd gerð við að kröfu um lögbann sé beint að varnaraðila. Hins vegar er á því byggt að ekki séu uppfyllt skilyrði þess að lögbann verði lagt á hýsingu efnisins. Hér er auk þess ástæða til að leggja áherslu á að verið er að vernda tjáningarfrelsi þjónustuþega. Umfjöllun sóknaraðila um tjáningarfrelsi lögaðila er þannig þýðingarlaus.

Sóknaraðili hefur vísað til þriggja dómsmála kröfum sínum til stuðnings. Fyrst er þar að nefna Hrd. í máli 214/2009 (Istorrent ehf. og Svavar Lúthersson gegn Sambandi tónskálda

og eigenda flutningsréttar). Sannað var að þeir sem lögbannið beindist að starfræktu vefsvæði þar sem fram gátu farið umfangsmikil skráaskipti með efni, sem háð væru höfundarétti, og þannig beinlínis stuðlað að brotum notenda vefsvæðisins gegn höfundarétti. Í Hrd. í máli nr. 25/2017 (Símfélagið ehf. gegn STEF) þótti sýnt fram á að réttihafar ættu höfundarétt að efni sem miðlað væri í heimildarleysi á vefsíðum fyrir milligöngu Símfélagsins. Sambærilega niðurstöðu er að finna í Hrd. í máli nr. 33/2017 (Hringiðan ehf./Vortex Inc gegn STEF) sem er þriðji dómurinn sem vísað er til í greinargerð sóknaraðila. Þar sem allt efnið var höfundaréttarvarið sem miðlað var á vefsvæðunum var unnt að ná fram lögbanni gagnvart hýsingu efnisins. Hér eru aðstæður á engan hátt sambærilegar enda ekki um að ræða höfundaréttarvarið efni heldur fullyrðingu um að ótilgreind ummæli á vefsíðunni gangi gegn rétti sóknaraðila. Mótmælt er að sú staðhæfing réttlæti lögbann gegn hýsingu alls efnis á vefsíðunni.

Sóknaraðili hefur lagt fram ný gögn fyrir Landsrétt sem ekki voru lögð fram fyrir héraðsdómi. Á því er byggt af hálfu varnaraðila að niðurstaða geti ekki ráðist af þessum gögnum enda leiðir af svokallaðri útilokunarreglu að óheimilt er að leggja ný gögn fyrir Landsrétt sem unnt hefði verið að afla og leggja fram fyrir héraðsdómi samkvæmt 1. mgr. 101. gr. og 104. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989. Varnaraðili vísar í þessu sambandi m.a. til dóms Landsréttar í máli nr. 737/2020 (6. efnisgrein) og Hrd. í máli nr. 511/2016. Sóknaraðili hafði möguleika á að leggja fram þessi gögn fyrir héraðsdómi. Með vísan til framangreinds verða þau ekki lögð fram nú fyrir Landsrétti.

Þá er ástæða til að mótmæla öllum nýjum málsástæðum sóknaraðila sem of seint fram komnar. Í þeim efnum er sérstaklega vakin athygli á þeirri málsástæðu sem fram kemur undir 131 efnislið greinargerðar sóknaraðila til Landsréttar þar sem áherslan er nú á það sem er nefnt „*órjúfanleg tengsl hins gagnvirka korts, „ The Mapping Project“ sem þar birtist við það efni og aðrar upplýsingar sem á vefsíðunni eru...*“ en á því er byggt af hálfu sóknaraðila að nauðsynlegt sé að fá afstöðu til þess „*hvort heimila eigi slíka kortlagningu á netinu, og í framangreindum tilgangi, eða leggja lögbann við henni.*“ Hér er í fyrsta lagi verið að leggja fyrir dóminn að yfirfara vefsíðuna, sem nú er lögð fram í heild sinni á minnislykli, án tilvísunar í tiltekið efni. Slík framsetning samræmist ekki ákvæðum laga enda dómurinn ekki rannsóknardómur. Í annan stað byggir þessi málalíbúnaður á málsástæðu sem hefur ekki verið höfð uppi áður, hvorki í lögbannsbeiðninni sjálfri né í greinargerð til héraðsdóms. Hvað sem öðru liður er á því byggt að umrætt kort réttlæti á engan hátt að lagt verði lögbann við hýsingu þess efnis sem vefsíðan vísar til.

Sóknaraðili tók þá ákvörðun að marka málinu þann grundvöll að setja aðeins fram kröfu um lögbann við hýsingu alls efnis vefsíðunnar. Þetta er gert í stað þess að láta kröfuna beinast að tilteknum ummælum sem tekin hefðu verið upp í kröfugerð og rökstutt í málsástæðum hvernig ummælin, sem vísað hefði verið til, brjóta gegn sóknaraðila eða eftir atvikum öðrum og þá rökstutt á hvaða grundvelli sóknaraðili er að gæta hagsmuna annarra. Þar sem gengið er allt of langt ber, hvað sem öðru liður, að hafna kröfu sóknaraðila enda þótt svo ólíklega vildi til að fallist yrði á að tiltekin ummæli fælu í sér

brot gegn sóknaraðila. Einstök ummæli geta ekki réttlætt lögbann við hýsingu alls efnis á vefsíðunni.

Varnaraðili vísar að öðru leyti til greinargerðar sinnar til héraðsdóms á bls. 65-84 í málgögnum og til forsendna hins kærða úrskurðar bls. 10-15 í málgögnum.

Um lagatiltvisanir vísar varnaraðili til greinargerðar til héraðsdóms. Krafa varnaraðila um kærumálskostnað styðst við 2. og 4. mgr. 150. gr., 166. gr. laga nr. 91/1991 og XXI. kafla sömu laga.

Reykjavík, 12.12.2023

Ólafur Örn Svansson hrl

Til Landsréttar